

13. FUNDUR Í STJÓRN FRAMKVÆMDASJÓÐS FERÐAMANNASTAÐA

Þrettánda fundur stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða var haldinn fimmtudaginn 1. nóvember 2012 kl. 08:30 í fundarherbergi Ferðamálastofu að Geirsgötu 9.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður og Guðjón Bragason fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga, Sævar Skaptason fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) og Anna G. Sverrisdóttir fulltrúi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF) .

Frá FMS: Af hálfu Ferðamálastofu sátu fundinn Sveinn Rúnar Traustason og Katrín Gylfadóttir.

1. Fyrsta yfirferð umsókna

Farið var gróflega yfir þær 92 umsóknir sem höfðu borist, hverjar stóðust skilyrði og hverjar ekki.

Ákveðið var af stjórn að ganga á eftir umsóknum sem höfðu einungis borist rafrænt og engin eyðublöð fylgt með.

Stjórninni finnst áhugavert að fá kynningu á Kötlujarðvangi, fá menn á fund frá þeim

Á næsta fundi mun Sveinn vera búin að setja gæðamat við hverja umsókn.

Annað:

Næsti fundur verður 12. Nóvember 2012

Fundi slitið 09:45

Reykjavík 1. nóvember. 2012/Katrín.